

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Sköpun er oft ferð án fyrirheits

Það lá ekki beint við að ég færi í lækni-
isfræði eftir MR. Ég ætlaði að fara til
Frakklands og læra frönsku og bók-
menntir. Mér fannst það eiga best við
mig á þeim tíma. En einhverjar efa-
semdir læddust að mér, kannski ekki
nógu praktískt? Svo fór að ég innritaði
mig í læknadeildina, sem bauð uppá
langt nám og marga möguleika að námi
loknu.

Það munaði ekki miklu að ég hefði
hætt í lok 1. árs, ég var líklega enn á því
að ég ætti frekar að vera í húmanísku
fagi. Þá fékk Anna Þórisdóttir bekkjar-
systir mín þá hugmynd að við læsum
saman, sem við gerðum upp frá því,
þuldu upp hátt upp úr bókum fyrir
hvor aðra. Svo nýttum við tímann líka
til að stunda menningu og listir. Þessi
blanda örvaði áhugann og gerði þennan
tíma að skemmtilegri minningu. Ann-
að sem gerði þessi ár eftirminnileg var
ársdvöl okkar á spítala í Barcelona eftir
4. árið. Hrifningin af Spáni og spænski
menningu var slík að við settum saman
útværspátt sem var sendur út vorið
1983.

Eftir kandiðatsár valdi ég að fara í
sérnám til Hollands. Þar höfðu nokkrir
íslenskir kollegar rutt brautina skömmu
áður og mér fannst spennandi að
kynnast lækni-listinni í þessu flata og
blauta landi. Á þeim tíma var mjög rík
hefð fyrir almennum lyflækningum í
Hollandi og þannig byrjaði ég á sjúkra-
húsi í Rotterdam í lok níunda áratugar
síðustu aldar. Sjúkrahúsið gerði þá
kröfu að ég talaði hollensku í vinnunni
og fór ég því á tveggja vikna hraðnáms-
skeið áður en ég byrjaði. Ég viðurkenni
að þetta var heimikið mál en ég talaði
frá byrjun bara hollensku, hvernig svo
sem hún hljómaði. Námið var vel upp-

byggt, með námskeiðum og prófum
ásamt óhemjumikilli vinnu. Lyflækni-
programmið var sex ár, en ég vissi að ég
þyrfti að taka einhverja undirgrein til að
teljast gjaldgeng á Íslandi í þá daga. Án
mikillar umhugsunar sótti ég um pláss
í nýrnalækningum. Ég held að áhugi
minn á flóknum fjölkerfasjúkdómum og
eðlislæg forvitni hafi teymt mig þangað.
Ég hafði heyrt vel látið af nýrnadeildinni
á háskólasjúkrahúsinu í Nijmegen. Þar
fékk ég inni og átti eftir að dvelja í rúm
sex ár. Deildin var stærsta ígræðsludeild
landsins á þeim tíma og vísindarann-
sóknir aðallega í tengslum við nýrna-
ígræðslur og gauklasjúkdóma. Ég kynnt-
ist þarna mörgu frábæru fólki og það
var engu logið um góðan vinnuanda.
Á þessum tíma fékk ég góða reynslu
af rannsóknum og líffæraígræðslum
sérstaklega og lauk doktorsprófi á því
sviði. Það var frábær andi meðal vís-
indamanna og lækna í Hollandi sem ég
kynntist í tengslum við nýrnalækningar
og -ígræðslur og margir þeirra voru
heimsþekktir í þessum geira. Það sem
mér fannst einkenna þá voru lítillæti og
einlægur áhugi á að koma fræðunum
til skila á einfaldan hátt. Einn þeirra
var Frans Claas, fyrrverandi yfirmaður
vefjaflokkunardeildar í Leiden. Hann

**Eftir kandiðatsár valdi ég að fara
í sérnám til Hollands. Þar höfðu
nokkrir íslenskir kollegar rutt
brautina skömmu áður og mér fannst
spennandi að kynnast lækni-listinni í
þessu flata og blauta landi.**



Margrét Birna Andrésdóttir
nýrnalæknir

varð góður vinur minn og hefur haldið
nokkra fyrirlestra hér á landi. Annar var
herbergisfélagi minn á nýrnadeildinni,
Jack Wetzels. Jack var sérfræðingur í
gauklasjúkdómum og mjög virkur í
rannsóknarvinnu, en hann hafði jafn-
framt óbilandi áhuga á sjúklingum, var
klínískt afar vel að sér og klókur læknir.
Vegna þessara eiginleika leituðu aðrir
nýrnalæknar landsins gjarna til hans um
ráð. Hann þreyttist aldrei á þessu ráð-
gjafahlutverki.

Ég átti eftir að dvelja í tæp 11 ár í
Hollandi áður en ég flutti heim, rétt um
síðustu aldamót. Á þeim tíma var ekki
þörf fyrir nýrnalækna á Landspítala og
ég fékk vinnu í Hjartavernd sem verk-
efnisstjóri Afkomendarannsóknar. Þar
naut ég leiðsagnar frábærra vísinda-
manna eins og Gunnars Sigurðssonar,
Thors Aspelund og fleiri. Þetta reyndist
gott veganesti fyrir framtíðina. Síðan
átti ég eftir að starfa við nýrnalækningar
eins og til hafði staðið og ánægjulegast
var að taka þátt í að koma á laggirnar
nýraígræðsluprogrammi á LSH fyrir
rúmum 20 árum síðan. Þar kom sú þekk-
ing sem ég hafði aflað mér ytra loks að
góðu gagni

Leiðin til nýrnalækninga var hlykkj-
ótt og stundum óvíst hvernig og hvaða
leiðir voru valdar. Líklega var oft um
tilviljun að ræða, forvitni, nýnæmi og
áhuga. Ef ég á að tilnefna einhvern farar-
stjóra annan en sjálfa mig, er það líklega
Anna, sem kom í veg fyrir að ég hætti
við þegar ferðalagið var rétt að byrja.

Sannarlega spennandi tímar framundan

Ég ákvað snemma að mig langaði að verða læknir. Svo snemma að ég man í raun ekki hvenær ég tók þessa stóru ákvörðun eða á hverju hún var byggð. Í fjölskyldunni eru engir læknar og því kom ákvörðunin ekki úr nærumhverfi. Val á sérgrein reyndist hins vegar flóknari ákvörðun. Ég vann við afleysingar eftir fjórða árið á lyflækningasviði og fann fljótt að það hentaði mér. Greiningarvinna, meðferðarval og samskipti við sjúklinga heilluðu. Ég hóf því sérnám í lyflækningum eftir að kandidatsárinu lauk. Ég starfaði þar í tæp þrjú ár en valið milli sérgreina fannst mér snúið, ég hreifst iðulega af sérgreinum þeirra deilda sem ég starfaði við á hverjum tíma og var lengi óákveðin. Mér hafa þó alltaf þótt nýrnalækningar áhugaverðar og afrekaði það meðal annars að lesa nýrnalífisfræðibókina eftir Burton Rose spjaldanna á milli á lyflæknisnámskeiðinu á fjórða ári. Í seinni hluta sérnámsins fengum við tækifæri til að velja sérgrein til að starfa við og fyrir valinu urðu nýrnalækningar. Undir dyggri handleiðslu hinna frábæru og færu lækna þar, heillaðist ég algjörlega af faginu. Ég minnst sérstaklega snúins tilfellis þar sem útreikningar á hinum ýmsu bilum og smásjárskoðun á þvagi leiddu til skjótrar greiningar og lífs- og nýrnabjargandi meðferðar. Ég held að á þeirri stundu hafi ég endanlega áttað mig á að innan þessarar sérgreinar ætti ég heima, þar sem útreikningar á jónefnabilum og túlkun blóð- og þvag-rannsóknna skipta sköpum. Eftir það var ekki aftur snúið.

Það fór svo að eftir stutt stopp á teppalögðu sjúkrahúsi í Bretlandi fluttum við til Stokkhólms árið 2012 og ég hóf störf á Karolinska háskólasjúkrahús-

inu. Þar var vel tekið á móti hálfmál- lausa Íslendingnum og starfaði ég þar í nær níu ár með frábæru samstarfsfólki, sumir hverjir meðal helstu sérfræðinga heims í undirsérgreinum nýrnalæk- nisfræðinnar. En hvað er svona heillandi við nýrnalækningar? Fyrir það fyrsta eru viðfangsefni nýrnalækna afar fjölbreytt enda eru nýrun mögnuð líffæri. Langvinnur nýrnasjúkdómur er lýðheilsuvandi og orsakirnar eru margar þar sem meðferð getur verið nýrnaverndandi og jafnvel nýrna- og lífsbjargandi. Undirbúningur og meðferð við lokastignýrnabilun eru krefjandi verkefni. Það sem gerir þetta starf þó sérstaklega gefandi eru hin miklu og nánú tengsl sem skapast við skjól- stæðinga okkar. Eftirfylgnin er þétt og taka þarf tillit til margra annarra þátta en einungis vals á lyfjameðferð. Ferðalag einstaklinga með langvinnan nýrnasjúkdóm er sennilega það víðfeðmasta innan heilbrigðiskerfisins, frá greiningu nýrnasjúkdóms, versnun, þróun og meðferð lokastignýrnabilunar og að lokum nýrna-

En hvað er svona heillandi við nýrnalækningar? Fyrir það fyrsta eru viðfangsefni nýrnalækna afar fjölbreytt enda eru nýrun mögnuð líffæri. Langvinnur nýrnasjúkdómur er lýðheilsuvandi og orsakirnar eru margar þar sem meðferð getur verið nýrnaverndandi og jafnvel nýrna- og lífsbjargandi.



Ásta Dögg Jónasdóttir
nýrnalæknir

ígræðslu með ævilangri ónæmisbælingu og eftirfylgd.

Nú eru spennandi tímar fram undan í nýrnalækningum. Ég var svo heppin á sérnámsárum mínum að fá tækifæri til að verða meðlimur í ANCA smáæðabólgu rannsóknarhóp Karolinska og ljúka doktorsnámi í rannsóknum á þeim sjúkdómi. Í tengslum við það kviknaði áhugi minn á gauklasjúkdómum fyrir alvöru. Ég lauk alþjóðlegu sérnámi í gauklasjúkdómum um það leyti sem ég fluttist aftur heim til Íslands. Það er gríðarlega margt að gerast í þeim fræðum, þekkingu á lífeðlismeinafræði fleygir fram og fram undan eru gjörbreyttir tímar með bættri greiningu og sjúkdómssérstækri meðferð. Tækifæri og verkefni nýrnalækna verða því enn fleiri.

Við þessi skrif ákvað ég að spyrja gervigreindina að því af hverju nýrnalækningar ættu að verða fyrir valinu sem sérgrein. Hún nefnir nokkrar ástæður; þar sé um að ræða heillandi og flókna lífeðlisfræði, langtíma eftirfylgd sjúklinga, fjölbreytta vinnu sem snertir allt frá gjörgæslulækningum til göngu- deildarstarfs, tækifæri til lífsbjargandi meðferðar, áhersla á þverfaglega vinnu auk þess sem að innan sérgreinarinnar séu mikil rannsóknatækifæri. Ég tek heils hugar undir þetta. En þó vantar eitt mikilvægasta atriðið, það er bara hreinlega fátt jafn skemmtilegt og að bjarga gauklum.